Leiðarvísir um skrásetning fiskiskipa m. m. (1903)

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðu eintaki af téðu riti. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið rafrænt eintak af því án endurgjalds.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó að stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Höfundur skjals þessa álítur að hvers kyns höfundaréttur á prentaða eintakinu sé útrunninn.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skannað var eintak í vörslu Landsbókasafnsins (Íslandssafn).

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

J. 34

Leiðarvísir

um

skrásetning fiskiskipa

m. m.

REYKJAVÍK
ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA
1903

J.343.096
Lei

(1)
9

349.4912
S.

LANDSBÓKASAFN

Leiðarvísir

um skrásetning fiskiskipa m. m.

Samkvæmt lögum 8. júlí 1902 og konunglegri tilskipun fyrir Ísland 2. mars 1903 um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland, skulu lögreglustjórar fara eptir því sem hjer segir fyrir um á eptir, um sjerstaklega skrásetning fiskiskipa, útgáfu sjerstaklegra fiskiveiðaskírteina, og merking slíkra skipa.

I.

Skrásetning.

Öll skip og bátar, er heima eiga á Íslandi, stunda fiskiveiðar í hafinu umhverfis Ísland og Færeyjar fyrir utan landhelgi og rjett hafa, samkvæmt lögum 13. des. 1895 um skrásetning skipa, til þess að hafa danskt flagg, skulu tekin uppá sjerstaklega skrá yfir fiskiskip.

Undanþegin þessari skrásetningarskyldu eru þá þau fiskiskip, sem eigi eru notuð til fiskiveiða utan þess svæðis, þar er fiskiveiðar eru heimilar dönskum þegnum einum saman.

II.

Fiskiskrásetningarumdæmi, og einkennisbókstafir.

Lögreglustjórar annast um skrásetning þessa. Hvert lögsagnarumdæmi á landinu skal vera skrásetningarumdæmi fyrir sig, og telst Ísafjörður með Ísafjarðarsýslu, Akureyri með Eyjafjarðarsýslu og Seyðisfjörður með Norðurmúlasýslu. Hvert umdæmi fær eptirgreinda einkennisbókstafi, er tákna umdæmið, og skal hvert skip, sem haft er á fiskiveiðum á hinu umgetna svæði utan landhelgi, vera merkt með bókstöfum síns skrásetningarumdæmis.

Nafn skrásetningarumdæmisins.	Einkennisbókstafir.
1. Reykjavík	R E
2. Gullbringu- og Kjósarsýsla	G K
3. Mýra og Borgarfjarðarsýsla	M B
4. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	S H
5. Dalasýsla	D A
6 Barðastrandarsýsla	B A
7. Ísafjarðarsýsla og kaupstaður	I S
8. Strandasýsla	S T
9. Húnavatnssýsla	H Ú
10. Skagafjarðarsýsla	S K
11. Eyjafjarðarsýsla og Akureyri	E A
12. Þingeyjarsýsla	T H
13. Norðurmúlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður	N S
14. Suðurmúlasýsla	S U
15. Skaptafellssýsla	S F
16. Vestmannaeyjasýsla	V E
17. Rangárvallasýsla	R A
18. Árnessýsla	Á R

III.

Flokkan eftir rekisturtonnatali.

Að því er kemur til merkingar fiskiskipa með einkennisbókstöfum og umdæmistölum, skiptast þau í tvo flokka.

Í fyrra flokki eru öll skip 15 registurtonna á stærð brútto og þaryfir.

Í hinum síðara flokki eru öll skip, sem minni eru en nemi 15 registurtonnum brútto.

IV.

Stærð og setning einkennisbókstafa og umdæmistalna.

Á skipunum í þessum tveimur flokkum skal stærð einkennisbókstafa og umdæmistalna vera sem hjer segir:

Í fyrra flokki: Hæðin 14 des. þuml. (45 sentimetra).
Breiddin $1_{,8}$ — — (6 ——).

Í síðara flokki: Hæðin, ef unnt er, 8 des. þuml. (25 sentimetra).
Breiddin $1_{,3}$ — — (4 ——).

Merkin skal setja þannig.

Þá bókstafi og þá tölu, sem skipið hlaut við skrásetninguna, skal setja með hvítum olíulit á svörtum grunni á framstafn skipsins beggja megin, 2,5—3 des. þuml. (8—10 sentimetra) fyrir neðan borðstokkinn, ef því verður viðkomið, og þannig að sjáist glöggt og skýrt; bókstafina á undan og töluna á eptir.

Á skipum hins síðara flokks, sem eru súðbyrt, skal hafa undir svo mörg borð, sem með þarf, — og sljetta yfir samskeytin, ef svo á stendur, — til þess að merkin verði svo stór sem fyrirskipað er.

Sömu bókstafi og tölur skal og setja með olíulit báðum megin á stórsegl skipsins, rjett fyrir ofan síðasta reifið, og þannig að sjáist glöggt; mála skal með svörtum lit, ef seglin eru hvít, en hvítum á svört segl, millumlit segl með hvítum eða svörtum lit, eptir því sem lögreglustjóri sá nánara kveður á um, er sjer um merkinguna.

Bókstafir þessir og tölur á seglunum skulu vera að öllu þriðjungi stærri en merkin á framstafni skipsins (sjá 6. gr. tilskipunarinnar).

Á fiskigufuskipum skal setja hin framangreindu merki þaraðauki á reykháfinn, svo að þau sjáist skýrt. Skal stærð þessara merkja vera hin sama og þeirra, sem á framstafni skipsins eru.

V.

Setning skipsheitisins og heimilis þess.

Nafn hvers fiskiskips, og nafn staðar þess, er það er frá, skal mála með olíulit á afturstafn skipsins á svörtum grunni með hvítum bókstöfum ekki minni en $2_{,5}$ des. þuml. á hæð og $0_{,5}$ des. þuml. á breidd (sjá 5. gr. tilskipunarinnar).

Nú er fiskiskip skrásett, og má þá ekki breyta nafni þess, nema gætt sje ákvæða þeirra, er gilda um hina almennu skipaskrásetning.

Um heimili skipsins fer eptir því sem segir fyrir um ákvæðunum um hina venjulegu skipaskrásetning.

VI.

Beiðni um skrásetning

Beiðni um skrásetning og mæling fiskiskips o.s. frv. skal bera fram á þann hátt, að eigandi eða formaður skipsins gefur um það

og mæling fiskiskipa.

skriflega tilkynning, og notar þartil eyðublað samhljóða fyrirmynd A, sem prentuð er hjer áeptir. Með tilkynning þessari á að fylgja þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, mælingarbrjef eða mælingarvottorð til sönnunar (brútto)registurtonnastærð þess m. m. Fylgi skipinu ekkert slíkt skjal, skal ákveða brúttó tonnastærð þess á eptirgreindan hátt, sbr. tilsk. 25. júní 1869 um skipamælingar 6. gr. G. fyrri málsgrein: Lengdin er mæld stefnanna á milli, að innanverðu, rjett fyrir ofan efri brún hástokksins. Breiddin er mæld mitt á milli stefna (miðskipa) rjett undir hástokknum milli innviða. — Dýptin er og mæld mitt á milli stefnanna (miðskipa) frá beinni línu, sem dregin er þvert yfir skipið rjett fyrir ofan hástokkinn, niður að ytri byrðingunni í botninum rjett við kjölsvínið.

Þessar 3 tölur (lengdarmál, breiddarmál og dýptarmál) skuiu allar margfaldaðar saman, en þeirri tölu, sem kemur af þessari margföldun, skal deilt með tölunni 170. Kvótinn sýnir svo þá registurtonnatölu, sem stærð skipsins er miðuð við. Skyldi stærð skipsins þannig mæld reynast meiri en 4 registurtonn, skal fullkomin mæling framfara, og registurtonnatal skipsins fer þá eptir þeirri mæling. Tonnatalið og orðið »t o n n« er síðan höggið í sigluþóptuna eða á öðrum hentugum stað. Eigi skipið ekki heima þar, er viðkomandi fiskiskrásetningarstofa er, má afhenda skrásetningarbeiðnina næsta hreppstjóra, er svo skýrir lögreglustjóra frá, og framkvæmir síðan, eptir hans leiðbeining, það, sem nauðsynlegt er í þessu efni, þar á meðal afhending fiskiveiðaskírteinisins (sjá 3. gr. tilskipunarinnar).

VII.

Fiskiskipaskrá

Samkvæmt þeim skýrslum, sem þannig eru framkomnar, er skipið síðan sett á fiskiskipaskrá þá, sem haldin er á viðkomandi fiskiskrásetningarstofu, (sjá fyrirmynd B hjer áeptir, sem útfyllt er til skýringar).

Eptir þeirri röð, er beðið er um skrásetning hvers skips, fær það tölu í hinni venjulegu töluröð, og verður það umdæmistala skipsins.

VIII.

Fiskiveiðaskírteinið

Samkvæmt þeim skýrslum, er skráðar eru í fiskiskipaskrána, er síðan gefið út fiskiveiðaskírteinið (sjá sýnishornið á eptir tilskipuninni og 4. gr. hennar), en þetta skírteini er samt ekki afhent fyr en viðkomandi skip er merkt með áðurnefndum einkennisbókstöfum og umdæmistölunni.

Hafa skal fiskiveiðaskírteinið jafnan meðferðis á sjónum, svo að skipstjóri geti sýnt og sannað, hvert skip hans er og til hvers ætlað.

Einu sinni á ári hverju skal eigandi eða skipstjóri hvers fiskiskips sýna fiskiveiðaskírteinið á skrásetningarstofu, og skal á skrifstofunni rita viðurkenningu aptaná skírteinið um, að það hafi verið sýnt (sjá 3. gr. tilskipunarinnar).

Lögreglustjórar skulu hafa gætur á því, að skipstjóri eða eigandi sýni fiskiveiðaskírteinið á skrásetningarstofu, svo sem nú var sagt, og gæta þess, að merkin á skipi og seglum sjeu í lagi, áður en þeir rita á skírteinið vottorð sitt um sýninguna.

IX.

Skýrsla um breytingar

Sjerhver eigandaskipti að fiskiskipi eða flutning þess í annað skrásetningarumdæmi skal tilkynna. Þegar svo er, ber að heimta aptur fiskiveiðaskírteinið og gefa út annað nýtt. — Enn skulu eigendur skýra frá endurbygging skrásettra skipa, strandi þeirra eða sölu til útlendra manna (sjá 3. gr. tilskipunarinnar). Skrásetning slíkra breytinga fer yfir höfuð fram á þann hátt, sem sagt er fyrir um í skrásetningarumburðarbrjefi nr. 1 frá 19. desbr. 1893, staflið h.

X.

Merkjum má eigi breyta

Eigi má afmá, breyta, óskýra, hylja eða með nokkru móti dylja nöfnin, bókstafina eða tölurnar á skipunum, seglum þeirra eða reykháfum. Eigi mega skipin heldur hvorki utaná skrokknum nje á seglunum hafa annað nafn, bókstafi eða tölur, en þau, sem skipin hafa fengið við skrásetninguna.

XI.

Ólögleg veiðarfæri

Löggæzluskip og lögreglumenn skulu eptir megni hafa gætur á því, að eigi sjeu flutt útí fiskiskipin eða höfð þar veiðarfæri, er aðeins eru höfð til að skera sundur net eða eyðileggja þau. Ef slík veiðarfæri koma fyrir á fiskiskipunum, þá skal gjöra þau upptæk og ónýta.

XII.

Aðalfiski-skipaskrá

Landshöfðingi hefir á hendi eptirlit með mælingu og skrásetningu fiskiskipa og endurskoðar mælingarskírteinin og skrásetningarskírteinin á sama hátt og í sama mæli sem umsjón hans er áhinni almennu skipamæling og skrásetning.

Með fyrsta pósti eptir að skírteinið hefir verið gefið út, skal lögreglustjóri senda landshöfðingja afrit af því og skýra frá öllu því, er lýtur að skrásetning þessari. Landshöfðingi sendir síðan skýrslu um þetta til skrásetningar- og skipamælingarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn til upptöku í aðalskrá hennar yfir öll dönsk, færeysk og íslenzk fiskiskip.

XIII.

Landssjóður borgar

Fyrir mæling og skrásetning fiskiskipa o. s. frv. skal ekkert gjald greiða, og hefir það yfirleitt engan kostnað í för með sjer fyrir skipaeigendur. Hlutaðeigandi lögreglustjóri annast því um setning skipsnafnsins (sbr. 5. gr. tilskipunarinnar) og setning merkja þeirra, er getur um í 6. gr. tilskipunarinnar, og er það gjört á landssjóðs kostnað. Á skipaeigendum hvílir þó sú skylda, að halda við bókstöfum þeim, tölum og öðrum merkjum, er sett hafa verið, og setja merki á veiðarfæri m. m. (sjá 9. gr. tilskipunarinnar).

XIV.

Sektir

Brot gegn ákvæðum þessum um nauðsynlegt skipulag við skrásetninguna varða sektum eptir 32. gr. tilskipunarinnar.

XV.

Þessi leiðarvísir öðlast gildi 31. þ. m.

Reykjavík, 26. marz 1903.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon

Fyrirmynd A.

Beiðni

um

skrásetning fiskiskips

Undirritaður eigandi skipsins (bátsins) .....

....

segi hjer með til skips þessa til upptöku í fiskiskipaskrá .....

1) Fullt nafn formanns ..... heimili .....
2) Byggingarstaður skipsins ..... byggingarár .....
3) Efnið í skipinu .....
4) Reiða og seglbúnaður .....
5) Venjuleg áhöfn skipsins .....
6) Venjuleg fiskiaðferð .....
7) Þjóðernis- og skrásetningarskírteini (mælingarbrjef eða mælingarvottorð) dags. ..... fylgir með

eða:

Skipið er eigi áður mælt eða skrásett.

.... 19.....

(Fullt nafn eiganda) .. ..

(Staða hans og heimili) ....

Fyrirmynd B.

Skrásetningardagur	Umdæmistala	Skipaheiti	Lýsing: Hvernig hagað er reiða og seglum á þilskipi; ef róðrabátur er, þá áratal	Lýsing: Venjuleg fiskiaðferð	Registur — tonn: Brúttó	Registur — tonn: Nettó	Flokkur	Aðalmál (eptir fiskiveiðaskírteininu)
1/4 1903	1	Guðrún	Kútterreitt	Færafiski	74.54	74.54		L. 81.0 B. 19.8 D. 10.2
1/4 1903	2	Njáll	Skonnertureitt	Færafiski	37.00	33.81		L. 58.0 B. 17.0 D. 6.0
1/4 1903	3	Vonin	Róðrarbátur, áttæringur	Lóðafiski	3 57	3.57		L. 28.8 B. 8.1 D. 2.6
1/4 1903	4	Bylgja	Skrúfugufuskip einsiglt 14 nom. hesta afl 70 indic	Botnvörpuveiðar	32.63	14.41		L. 54.4 B. 13.4 D. 7.2 VRL. 15.1

Byggingarstaður ——— ár Hvernig byggt og úr hverju efni	Venjuleg áhöfn	Nafn eiganda, staða og heimili (evt. staðsetning og dagsetning eignarskírteinisins)	Nafn formanns og heimili (evt. staðsetning og dagsetning skipstjóraskírteinisins)	Athugasemdir:
Byggt í Hull 1884 Kútterbyggt úr eik, »Kravel«-byggt	22 manns	Filippus Filippusson, bóndi í Gufunesi	Jón Jónsson í Reykjavík. Skipstjóraskírt. dags. skrifstofu bæjarfógeta þar 12. marz 1901	Skrásett í Reykjavík, og er þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins gefið út 20. ágúst 1900. Skrásetningarstafir L B P V
Byggt í Nysted $18^{83}/_{84}$ Skonnorta »Kravel«-byggð úr eik og furu.	16 manns	Ingjaldur Sigurðsson hreppstjóri á Lambastöðum	Páll Pálsson á Lambastöðum, Skipstjóraskírt. dags. skrifstofu Gbr.- og Kjósarsýslu 10. maí 1902	Skrásett í Reykjavík, og er þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins gefið út 21. marz 1901. Skrásetningarstafir L B S W.
Smíðaður í Reykjavík 1900 úr eik, súðbyrtur	10 manns	Hallur Hallsson í Reykjavík	Þórður Þórðarson í Reykjavík.	Mælingarvottorð gefið út á bæjarfógetaskrifstofu Reykjavíkur 31. marz 1903
Byggt í Gr. Yarmouth 1890. »Hæk«byggt; byggt úr járni, súðað	10 manns	Fiskiveiðafjelag Reykjavíkur stofnað 1900. Jón Jónsson framkvæmdarstjóri.	Guðmundur Guðmundsson í Reykjavík, skipstjóraskírt. dags. skrifstofu bæjarfógeta þar 10. maí 1899.	Skrásett í Reykjavík, þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins er gefið út 19. janúar 1899. Skrásetningarbókstafir L B Q V.